



Eining-Íðja

F É L A G S B L A Ð

1. tölublað • 5. árgangur • Mars 2003

Orlof 2003



Útgefandi:
Eining-Iðja
Skipagötu 14
600 Akureyri

Sími 460 3600
Bréfasími 460 3601
www.eining-idja.is



Ábyrgðarmaður: Björn Snæbjörnsson

Umsjón, textagerð og prófarkalestur:
Fremri kynningarþjónusta, Furuvöll-
um 13, 600 Akureyri. Sími: 461 3666
Netfang: fremri@fremri.is

Auglýsingar: P.J. auglýsinga- og
markaðsþjónusta.
Símar: 566 8262 og 861 8262
Netfang: pj@pi.is

Prentvinnsla: Ásprent

Forsíðumyndina tók Sigrún Lárusdóttir,
skrifstofustjóri félagsins, í ferð félagsins
til Grímseyjar síðastliðið sumar.

Blaðinu er dreift til allra félagsmanna.
Frjálst er að nota efni úr blaðinu, í
heild eða að hluta, þó þannig að heim-
ildir sé getið.

Skrifstofa Einingar-Iðju á Dalvík
Ráðhúsinu. Sími: 466 1340
Netfang: runa@eining-idja.rl.is

Skrifstofa Einingar-Iðju í Ólafsfirði
Múlavegi 1. Sími: 466 2318
Netfang: gusti@eining-idja.rl.is

Efnisyfirlit:

Sumarið 2003: Gerum orlofið ógleymanlegt	4
Orlofsdvöl erlendis: Hús til leigu í Danmörku og á Spáni	4
Orlofshúsin 2003:	
Illugastaðir	6
Tjarnargerði	6
Einarsstaðir á Héraði	7
Orlofsíbúð á Egilsstöðum	7
Klifabotn í Lóni	8
Mjúkaból við Flúðir	8
Garðshorn í Ölfusi	8
Brekuskógur í Biskupstungum	9
Úthlíð í Biskupstungum	9
Íbúðir í Reykjavík	9
Munaðarnes/Stóruskógar	10
Svignaskarð í Borgarfirði	10
Tjaldvagnaleiga	10
Snorrastaðir í Kolbeinsstaðahreppi	11
Flókalundur í Vatnsfirði	11
Súðavík	11
Orlofsstaðir Einingar-Iðju 2003	12
Hagnýtar upplýsingar um orlofshúsin	12
Umsókn um dvöl í orlofshúsi sumarið 2003	13
Allt um orlofsgreiðslur og orlofstöku: Tryggið rétt ykkar í orlofsmálum ..	16
Könnun meðal félagsmanna: Mikil ánægja með orlofshúsin	18
Úthlutun orlofshúsa: Punktakerfi tryggir sanngirni	18
Vikudvöl vinningshafa í orlofshúsi og meira til...:	
„Millilentu“ í Súðavík - en geta ekki hætt að elska Hornbjarg ...	20



HÖNNUN: NORDANTVEIR

Uppáhald allra



GLERÁRGÖTU 20 Sími 460 1600

MEÐ G-VÖRUM
GETU ÞÚ NOTIÐ ÞESSU BESTA
ALLA ÖTADAG

G-mjólk
G-mjólk
G-mjólk
G-mjólk

MS
MILKSHAKE

Alfr vörpa gæta verið þess hennar í mat og drykk.
Þessu eru hennar líkleg. Þessu eru hennar líkleg.



Frissi fríski

er búinn til úr

náttúrulegum hráefnum
án allra aukaeftna.

Hann fæst nú í handhægum
250ml fernum sem henta
fyrir leik og starf.



...frískandi og svalandi

Sumarið 2003

Gerum orlofið ógleymanlegt!

Ágætu félagar!

Orlofsblað Einingar-Iðju lítur nú enn dagsins ljós - og er með hefðbundnu sniði. Sú hefð hefur myndast í útgáfu félagsins að fyrsta tölublað hvers árs er helgað sumarleyfi félagsmanna, einkum möguleikum til dvalar í orlofshúsum og til ferðalaga á eigin vegum eða félagsins. Lítil breyting verður á þessari venju nú.

Eining-Iðja hefur á undanförnum árum fjölgað þeim orlofshúsum sem félagsmönnum stendur til boða að leigja. Í sumar hefur félagið til umráða og útleigu samtals sextán orlofshús og -íbúðir á fjórtán stöðum á landinu. Því er óhætt að fullyrða að félagsmenn hafa úr fjölbreyttum orlofsmöguleikum að velja. Jafnframt fjölgun húsanna hafa þau hús sem félagið á verið endurnýjuð á undanförnum árum

þannig að nú eru öll orlofshús félagsins í góðu standi og hin glæsilegustu, jafnt að utan sem innan.

Þrátt fyrir fjölgun húsa og góða dreifingu um landið er því miður enn nokkuð langt í land með að félagið nái að anna spurn félagsmanna eftir dvöl í orlofshúsum yfir sumartímann. Þess vegna er lögð áhersla á að gæta sanngirni við úthlutun og hefur til þess verið þróað punktakerfi sem notað er við úthlutun með góðum árangri. Auðvitað er þó aldrei hægt að afgreiða þessi mál þannig að allir verði ánægðir. Það er hins vegar von og vissa okkar sem störfum að þessum málum fyrir hönd félagsins að þeir sem dvelja í orlofshúsunum okkar geti verið ánægðir með þá dvöl, aðstöðuna, umhverfið og allt sem dvölinni tengist. Til þess er leikurinn gerður; að þeir félagsmenn sem í húsunum dvelja ásamt fjölskyld-

um og vinum fái notið sumarleyfisins og geti slakað á frá erli dagsins, gleymt vinnunni og safnað orku.

Hagnýtar upplýsingar

Hér í blaðinu er að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar um þau orlofshús sem félagsmönnum stendur til boða að taka á leigu, ásamt umsóknareyðublaði til útfyllingar sem skila þarf á skrifstofu félagsins í síðasta lagi 11. apríl. Auk þess er vert að vekja athygli á því að áfram höfum við til afnota ásamt félagsmönnum STAK, orlofshús á Jótlandi í Danmörku og nú í sumar að auki hús nálægt Alicante á Spáni.

Félagið hvetur félagsmenn til þess að kynna sér vel þá möguleika sem standa til boða þegar orlof, ferðalög og dvöl í orlofshúsum eru annars vegar. Njótið vel!

Orlofsdvöl erlendis

Hús til leigu í Danmörku og á Spáni

Í upphafi árs var ákveðið að Eining-Iðja og STAK myndu í sameiningu leigja orlofshús í Danmörku og á Spáni til þess að leigja út til félagsmanna í sumar og haust.

Umsóknarfrestur var í upphafi auglýstur 15. febrúar og er úthlutun lokið til þeirra sem þá sóttu um. Enn eru nokkrar vikur lausar til úthlutunar til félagsmanna í Einingu-Iðju eða STAK. Þeim sem hafa áhuga á að kynna sér þessa nýju möguleika til orlofsdvalar er bent á að hafa samband við skrifstofu félagsins. Vakin er athygli á að Eining-Iðja og STAK hafa húsin sameiginlega á leigu þannig að óvíst er hve lengi vikurnar verða lausar. Áhugasamir félagsmenn eru því hvattir til að kanna málið frekar fyrir en síðar.

Einbýlishús á Jótlandi

Húsið í Danmörku er 90 fermetra einbýlishús við Neesvej 53B, 7570



Orlofshúsið í Danmörku er um 90 fermetrar að stærð.

Vemb, við Nissum-fjörð á Jótlandi. Í húsinu eru tvö svefnherbergi með rúmunum fyrir fjóra en einnig fylgja fimm lausar dýnur. Sængurfatnað er hægt að leigja á staðnum fyrir 350 krónur á settið eða taka hann með sér eftir atvikum. Allur hefðbundinn búnaður fylgir húsinu. Borðbúnaður er fyrir átta manns. Dvöl í húsinu kostar 19.000 krónur fyrir eina viku, það er frá mánudegi til mánudags. Boðið er upp á að leigja húsið í eina eða tvær vikur.

Skammt frá Alicante

Húsið á Spáni er í 17 kílómetra fjarlægð frá Alicante. Þetta er 60 fermetra einbýlishús við Calle Pari 35, La Marina Urb. San Fulgencio. Í húsinu eru tvö svefnherbergi með rúmunum fyrir þrjá en einnig svefnsófi í stofu og ein aukadýna. Sængurfatnaður og handklæði fylgja húsinu. Allur hefðbundinn búnaður er í húsinu og borðbúnaður fyrir sex manns. Verðið fyrir vikudvöl, frá miðvikudegi til miðvikudags, er 22.000 krónur.



Orlofshúsið sem félagið hefur til leigu á Spáni er skammt frá Alicante.



ALUX

ÖÐRUVÍSI EN ANNÐ!

gorenje

Taktu áskoruninni. Nú er tími kominn til að innleiða álið í eldhúsið.

Ál áferðin endurspeglar hreinleika tækjanna og tæknileg

fullkomnun Gorenje gerir tækin auðveld í notkun.

Alux tækin frá Gorenje veita þér margfalda ánægju.

RÖNNING



Borgartúni 24 | Reykjavík | Sími 562 4011 | Óseyri 2 | Akureyri | Sími 460 0800

Orlofshúsin 2003



Tjarnargerði í Eyjafjarðarsveit

Stutt að fara - gott að vera

Sumum hentar betur að komast í orlofshús í næsta nágrenni við heimabyggð sína í stað þess að þurfa að aka um langan veg. Fyrir þá sem eru tímabundnir en vilja samt komast í gott frí og róandi umhverfi er nokkurra ára gamalt hús við Tjarnargerði í Eyjafjarðarsveit mjög góður kostur.

Eining-Iðja á húsið við Tjarnargerði ásamt Bílstjórastofu Akureyrar og Vörubílstjórastofu Val og hefur því aðeins aðra hverja viku til úthlutunar fyrir félagsmenn. Húsið er vel búið og allt hið glæsilegasta með öllum þeim þægindum sem flestir vilja hafa í orlofshúsum. Í húsinu er svefnpláss fyrir níu manns.

Ekki þarf að spyrja að náttúrufegurðinni fremst í Eyjafirðinum og frá Tjarnargerði er til dæmis örstutt í



Leyningshóla og fleiri náttúruperlur. Í Tjarnargerði sameinast þeir kostir að þangað tekur stuttan tíma fyrir félagsmenn Einingar-Iðju að fara og þar er gott að vera, slaka á og safna

orku í sumarfríinu.

Lyklar að orlofshúsinu við Tjarnargerði eru afhentir á skrifstofu félagsins í Skipagötu 14 á Akureyri.

Illugastaðir í Fnjóskadal

Illugastaðir í Fnjóskadal

Orlofshúsabyggðin á Illugastöðum í Fnjóskadal er fyrir löngu vel kunn flestum landsmönnum, svo margir hafa dvalið þar eða litið við hjá vinum og kunningjum sem þar hafa dvalið. Illugastaðir eru sívinsæll sumardvalarstaður.

Eining-Iðja á samtals þrettán orlofshús að Illugastöðum en nokkur þeirra eru leigð til annarra stéttarfélaganna í skiptum fyrir orlofshús annars staðar á landinu. Eins og fram hefur komið í félagsblaði Einingar-Iðju og

glögglega má sjá á myndunum hér til hliðar hafa bústaðir félagsins á Illugastöðum verið endurnýjaðir og eru nú glæsilegri en nokkru sinni.

Illugastaðir eru ákaflega vinsæll orlofsdvalarstaður ekki síst meðal félagsmanna Einingar-Iðju, enda er ekki löng ferð úr Eyjafirðinum yfir í Fnjóskadal (50 km frá Akureyri). Fnjóskadalur státar af náttúrufegurð og er dalurinn sannkölluð perla fyrir náttúruunnendur, sérstaklega þá sem áhuga hafa á gönguferðum, jafnt að sumri sem vetri.

Í orlofshúsum félagsins á Illugastöðum eru svefnpláss fyrir sex manns í hverju húsi. Á Illugastöðum er meðal annars sundlaug, heitur pottur, gufubað og lítil verslun í þjónustumiðstöðinni. Leikvöllur er á svæðinu með skemmtilegum leikþækjum fyrir börnin. Stutt er yfir í Vaglaskóg þar sem miklir möguleikar eru til gönguferða.

Lyklar að orlofshúsunum á Illugastöðum eru afhentir í þjónustumiðstöðinni á staðnum.

Einarsstaðir á Héraði

Austurland allt innan seilingar

Viðfræg veðurblíða Fljótsdalshéraðs ásamt náttúrufegurð ætti að tryggja ánægjulega dvöl í orlofshúsunum á Einarsstöðum á Héraði. Óhætt er að fullyrða að Fljótsdalshérað er eitt hið veðursælsta á landinu.

Í orlofshúsahverfinu við Einarsstaði hefur Eining-Iðja til umráða þrjú nýlega uppgerð hús. Þau eru öll af sömu gerð, með svefnplássi fyrir sex manns. Einarsstaðir hafa notið mikilla vinsælda sem orlofsdvalarstaður og hafa verið með eftirsóttustu stöðum félagsins, meðal annars vegna hinnar rómuðu veður-



blíðu. Einarsstaðir eru einnig vel staðsettir fyrir þá sem vilja nýta fríið í að ferðast og njóta þess að skoða nokkrar af helstu náttúruperlum

landsins - en vilja um leið hafa fastan samastað í orlofshúsi. Margar af helstu náttúruperlum eru innan seilingar og af Héraði er stutt til allra staða á Austurlandi. Frá Einarsstöðum er jafnframt stutt í alla nauðsynlega þjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn því staðurinn er aðeins tólf kílómetrum sunnan Egilsstaða, miðja vegu milli Egilsstaða og Hallormsstaðar.

Þjónustumiðstöð er á Úlfsstöðum skammt frá Einarsstöðum en lyklar að húsunum eru afhentir í húsi nr. 32, sem er við stóra bílastæðið við eldri byggðina.

Orlofsíbúð á Egilsstöðum

Einstök veðursæld

Hverjum þykir sinn fugl fagur og víða um land vill fólk gera tilkall til þess að heimahéraðið sé hið veðursælsta á landinu. Eitt þeirra svæða sem áreiðanlega á möguleika á því að hafa vinninginn í þeirri „samkeppni“ er Fljótsdalshérað.

Eining-Iðja á íbúð í fjölbýlishúsinu við Útgarð 6 á Egilsstöðum og nýtur sú íbúð mikilla vinsælda - væntanlega ekki síst vegna hinnar rómuðu veðursældar á Héraði.

Egilsstaðir eru höfuðstaður Austurlands og þaðan liggja vegir til allra átta. Það ætti því að vera hægur vandi að dvelja í orlofsíbúð á Egilsstöðum og skipuleggja þaðan ferðir um nánast allt Austurland án þess að þurfa að gista annars staðar en á Egilsstöðum. Á Egilsstöðum er hægt að fá alla þá þjónustu sem ferðafólk þarf á að halda, meðal annars er þar glæsileg sundlaug sem upplagt er að nýta og njóta.

Íbúð Einingar-Iðju á Egilsstöðum er



þriggja herbergja og að sjálfsgöðu búin öllum helstu heimilistækjum. Íbúðin er á neðstu hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi. Við hana er góður sólþallur og skjólveggr.

Lyklar eru afhentir á skrifstofu Einingar-Iðju í Skipagötu 14 á Akureyri.

Klifabotn í Lóni

Í skjóli jökulsins

Tiltölulega nýlegt orlofshúsa-svæði í Klifabotni í Lóni hefur reynst vinsælt meðal félagsmanna Einingar-Íðju. Þar ríkir enda skaft-fellsk kyrrð og veðursæld í skjóli stærsta jökuls Evrópu, Vatnajökuls.

Klifabotn, þar sem orlofshús sem félagið leigir stendur ásamt nokkrum öðrum, er í Þórisdal í Lóni, skammt austan við Laxá, og stendur við Strandaháls í Bæjarhreppi, sem nú er reyndar hluti af Sveitarfélaginu Hornafirði.

Eining-Íðja á eitt hús í Klifabotni, rúmlegt og vel búið. Í hverfinu er leikvöllur fyrir börnin og sameigin-

leg gufubaðsstofa fyrir orlofshúsabyggðina. Um 30 kílómetrar eru frá Klifabotni að Höfn í Hornafirði en þar er fjölbreytt þjónusta, meðal annars sundlaug og golfvöllur. Svæðið býður upp á skemmtilega ferðamöguleika, hvort heldur fólk vill ferðast á bílum, hestum eða á tveimur jafnfljótum.

Umhverfið er ægifagurt og stórbrotið og meðal annars stutt í hin rómuðu Lónsöræfi. Fjallahringurinn, sem



skýlir Lónsbúum og gestum þeirra, er fagur með Eystra- og Vestra-Horn sem útverði.

Mjúkaból við Flúðir

Vegir liggja til allra átta

Í landi Ásatúns í um fimm kílómetra fjarlægð frá Flúðum í Hrunamannahreppi hefur Eining-Íðja orlofshús á leigu. Húsið heitir Mjúkaból.

Mjúkaból er aðeins nokkurra ára gamalt, um 50 fermetrar að stærð með tveimur svefnherbergjum og með heitum potti. Húsið stendur utan í hlíð og þaðan er fallett útsýni um uppsveitir Árnassýslu.



Flúðir í Hrunamannahreppi eru góður staður fyrir þá sem vilja dvelja á Suðurlandi og ferðast um það svæði en hafa þó fasta „búsetu“ á einum stað. Stutt er frá Flúðum um allt Suðurland að segja má því staðurinn er miðsvæðis og greiðar samgöngur til allra átta. Á Flúðum er að auki fjölbreytt þjónusta við ferðamenn, meðal annars sundlaug, golfvöllur, veitingasala, verslun og fleira.

Garðshorn í Ölfusi

Einvera og gott næði

Í landi Bakka II í Ölfusi stendur orlofshúsið Garðshorn. Húsið er um 100 metra frá þjóðveginum til Þorlákshafnar, um 6 kílómetra frá Hveragerði.

Fyrir þá sem vilja vera í næði og útaf fyrir sig er gott að dvelja í Garðshorni því húsið stendur ekki í orlofshúsabyggð heldur eitt og sér. Engu að síður er örstutt í alla þjónustu því Garðshorn er í aðeins um 6 kílómetra fjarlægð frá Hveragerði

og þar með ekki heldur langt til Selfoss eða höfuðborgarsvæðisins.

Meðal þess sem finna má í næsta nágrenni Garðshorns í Ölfusi eru manngerðir hellar uppi í hlíðinni ofan við húsið. Þaðan er einnig mjög víðsýnt um Suðurlandsundirlendið. Í Garðshorni eru tvö svefnherbergi og svefnpláss fyrir 6-8 manns.

Lyklar eru afhentir á skrifstofu félagsins í Skipagötu 14 á Akureyri.



Brekuskógur í Biskupstungum

Allt til alls

Biskupstungurnar eru á meðal vinsælustu orlofsdvalarsvæða á landinu og ekki að ástæðulausu. Svæðið hefur upp á allt það að bjóða sem orlofs-húsagesti kann að vanhaga um eða langa til að gera; góða aðstöðu, fallegt umhverfi og fjölbreytta möguleika til þess að njóta þess sem hver og einn vill fá út úr fríinu sínu.

Eining-Iðja hefur til afnota tvö orlofshús í Brekkuskógi og hafa þau bæði verið endurnýjuð nýlega. Við húsin er meðal annars verönd með heitum potti. Aðstaða fyrir gesti er öll eins og best gerist. Í orlofshúsahverfinu í Brekkuskógi er þjónustumiðstöð

þar sem er meðal annars sjónvarp, myndbandstæki, sími, bókasafn, spil og salur til sameiginlegra afnota fyrir gesti. Þar er einnig baðhús með gufuböðum, heitum pottum og sturtum. Lítil ill leikvöllur er á svæðinu og aðstaða til að spila mínigolf.

Stutt er úr Biskupstungunum yfir í byggðakjarnann við Laugarvatn og raunar má segja að „stutt“ sé úr Biskupstungunum um allt Suðurland þar sem margar af helstu náttúruperlum landsins er að finna. Í Árnessýslu er

jafnframt umfangsmikil þjónusta við ferðamenn og því af nógu að taka fyrir þá sem dvelja í orlofshúsum í Brekkuskógi og vilja leita sér afþreyingar í nágrenninu.

Lyklar að orlofshúsunum sem Eining-Iðja hefur til umráða í Brekkuskógi eru afhentir í þjónustumiðstöðinni á staðnum.



Úthlíð í Biskupstungum

Eitt vinsælasta orlofsdvalarsvæði landsins

Úthlíð og Brekkuskógur í Biskupstungum eru á sama svæði og því má segja það sama um báða staðina - að svæðið hefur upp á allt það að bjóða sem orlofshúsagesti kann að vanhaga um eða langa til að gera; góða aðstöðu og þjónustu, fallegt umhverfi og fjölbreytta möguleika til afþreyingar.

Eining-Iðja hefur tekið á leigu orlofshús í Úthlíð og er það nýjasti val-

kostur þeirra félagsmanna sem hyggjast leigja sér orlofshús í sumar. Húsið var byggt 1983 og í því er húsbúnaður fyrir sex manns. Í húsinu er svefnloft með þremur dýnum og pláss fyrir fleiri. Af búnaði má til dæmis nefna sjónvarp, útvarp, ísskáp, eldavél með ofni, kolagrill og sólhúsgögn. Gestir þurfa sjálfir að koma með sængurföt, handklæði og sápur. Heitur pottur og leiksvæði eru við húsið.



Íbúðir í Reykjavík

Þrjár íbúðir í Ljósheimum

Flestir sem nýta sér orlofsíbúðir vilja komast úr þéttbýlinu í kyrrð og víðáttu sveitanna til þess að slaka þar á og endurnýja orkuna - en ekki allir. Orlofsíbúðir í Reykjavík eru mikið notaðar.

Eining-Iðja á tvær orlofsíbúðir í Reykjavík, en sjúkrasjóður félagsins hefur þá þriðju til ráðstöfunar. Íbúðirnar þrjár eru í fjölbýlishúsum við Ljósheima, hver í sínu húsinu. Tvær íbúðanna eru fjögurra herbergja og ein

þriggja herbergja. Íbúðirnar njóta allar mikilla vinsælda og eru vel nýttar allan ársins hring, enda gefst félagsmönnum, með dvöl í íbúðunum, kostur á að njóta alls þess sem höfuðborgin hefur upp á að bjóða.

Ljósheimar eru miðsvæðis í borginni og stutt að fara þaðan meðal annars í Kringluna, miðbæinn og til nágrennasveitarfélaganna. Verslunarmiðstöðin í Glæsibæ er örskammt frá Ljósheimum og þá er til dæmis stutt í



Laugardalinn þar sem finna má fjölbreytta möguleika til afþreyingar.

Íbúðirnar þrjár eru búnar öllum helstu heimilistækjum og í hverri íbúð er svefnpláss fyrir sex manns.

Lyklar að íbúðunum eru afhentir á skrifstofu félagsins í Skipagötu 14 á Akureyri.

Munaðarnes/Stóruskógar

Náttúrufegurð við Norðurá

Orlofshúsahverfin í Munaðarnesi og Stóruskógum hafa notið vinsælda meðal landsmanna um árabil enda er þjónusta við ferðamenn á þessu svæði komin í mjög fastar skorður, aðstaðan eins og best verður á kosið og möguleikarnir óþrjótandi.

Það sem fram kemur hér í opnunni um kosti og möguleika sem fylgja dvöl í orlofshúsum í Svignaskarði í Borgarfirði gildir alveg jafnt um þau orlofshús sem félagið hefur til umráða í Munaðarnesi og Stóruskógum í Borgarfirði. Í Munaðarnesi og Stóruskógum eru tvö aðskilin orlofshúsa-hverfi sem eru hvort sínu megin þjóðveggar 1 en þjónustumiðstöðin í Munaðarnesi er sameiginleg fyrir bæði

hverfin. Í þjónustumiðstöðinni eru meðal annars verslun og veitingasalur sem nýtur mikilla vinsælda.

Fjölmargir möguleikar eru til afþreyingar og slökunar í Borgarfirðinum sem of langt mál væri að telja upp hér. Veðursæld Borgarfjarðar er mikil og skjólgott í orlofshúsa-hverfunum.

Margar skemmtilegar gönguleiðir eru í nágrenni orlofshúsa-hverfanna, til dæmis upp með hinni frægu og fögru Norðurá. Í Borgarnesi er síðan ein af glæsilegustu sundlaugum landsins. Borgar-



fjörðurinn hefur upp á fjölmargt annað að bjóða, hvort heldur dvalargestir eru að leita eftir menningarviðburðum, sögustöðum, náttúrufyrirbærum, útivistarmöguleikum eða annarri afþreyingu til að lífga upp á sumarfríð.

Svignaskarð í Borgarfirði

Býsna fjölbreytt í Borgarfirðinum



Borgarfjörðurinn hefur um árabil notið vinsælda sem sumar-dvalarstaður og þar er öll þjónusta við ferðamenn í föstum skorðum, þar sem ganga má að gæðunum vísum en um leið fjölbreytni og frumleika.

Stór orlofshúsa-hverfi hafa byggst upp í Borgarfirðinum á vegum fjölmargra stéttarfélaga og landssambanda. Eitt þessara orlofshúsa-hverfa er í Svignaskarði. Þar hefur Eining-Íðja til umráða eitt hús með svefnplássi

fyrir sex manns. Þjónustumiðstöð er á svæðinu þar sem dvalargestir hafa aðgang að böðum og gufubaði. Leiktæki fyrir börn er víða að finna á þessu svæði, tveir sparkvöllir eru í hverfinu og mínigolfvöllur.

Margar skemmtilegar gönguleiðir liggja frá orlofshúsunum og stutt er í frábærar sundlaugar, til dæmis í Borgarnesi og á Varmalandi. Í Borgarfirðinum er margoð að sjá og mjög fjölbreyttir möguleikar til afþreyingar og útiveru.

Tjaldvagnar

Frelsi til að gista

Eins og í fyrrasumar mun félagið verja tiltekinni upphæð til niðurgreiðslu á leigu tjaldvagna í stað þess að vera með tjaldvagna til leigu.

Þeir félagsmenn sem áhuga hafa á að leigja sér tjaldvagn í stað þess að

dvelja í orlofshúsi geta sótt um styrk frá félaginu til þess. Umsókn um slíkan styrk þarf að berast félaginu fyrir 1. maí. Sömu reglur gilda um styrki vegna leigu á tjaldvagni og við úthlutun orlofshúsanna. Ef fleiri sækja um styrk en geta fengið þá

sitja þeir fyrir sem hafa flesta orlofs-punkta. Fyrir hvern veittan styrk verða dregnir frá jafnmargir punktar og við leigu á orlofshúsi. Nægjanlegt er að hringja í skrifstofuna á Akureyri til þess að sækja um styrk vegna leigu á tjaldvagni.

Snorrastaðir

Eldborg og Löngufjörur í túnfætinum

Að Snorrastöðum í Kolbeinsstaðahreppi, á sunnanverðu Snæfellsnesi, niður við sjó alveg við hinar geysiskemmtilegu Löngufjörur og í nágrenni Eldborgar, eru nokkur orlofshús - og þangað eiga félagar í Einingu-Iðju möguleika á að komast.

Fyrir þá sem reynt hafa þarf ekki að útlista að dvöl á Snæfellsnesi og ferðalag um nesið eru óviðjafnanleg. Í um það bil eins kílómetra fjarlægð frá þjóðveginum, að Snorrastöðum í Kolbeinsstaðahreppi, er lítið orlofshúshverfi þar sem félagið hefur tekið hús

á leigu fyrir félagsmenn sína. Kolbeinsstaðahreppur tilheyrir Snæfellsnesi en er á mörkum Mýra og Snæfellsness og státar meðal annars af hinu þekktu eldfjalli Eldborg - sem oftast er kennt við Mýrar.

Þetta svæði er afar sérstakt hvað náttúruvarðar og má, auk Eldborgar og Löngufjara, nefna Gullborgarhraun og svo fjölmarga áhugaverða staði vestar á Snæfellsnesi, auk þess sem stutt er úr Kolbeinsstaðahreppi í Borgarnes og



Borgarfjörð eða vestur í Dali um Heydalsveg. Meðal afþreyingarmöguleika á Snorrastöðum eru veiði og hestaferðir, auk gönguferða og náttúruskoðunar að sjálfsögðu.

Flókalundur í Vatnsfirði

Saga og fegurð við hvert fótímal

Líklega þekkja færri fegurð Vestfjarðakjálkans af eigin raun en ýmissa annarra svæða á landinu - en fegurðin er ekki minni fyrir þá sök. Vatnsfjörður á Barðaströnd er fullur af sögu og þar er fagurt um að litast.



Flókalundur í Vatnsfirði hefur um árabíl verið meðal vinsælli sumardvalarstaða landsins. Vatnsfjörður er á Barðaströnd - á „suðurströnd“ Vestfjarðanna - og þar er veðursælt, gróðursælt og skjólgott. Fjölmargir áhugaverðir staðir eru í nágrenninu og má nefna Látrabjarg og Rauðasand. Ótal tækifæri eru fyrir þá gesti sem njóta vilja náttúruskoðunar

og sagan er við hvert fótímal í Vatnsfirði. Þar er talið að Hrafna-Flóki hafi dvalið þegar hann gaf Íslandi nafn og þá meðal annars gengið upp á Lónfell.

Í Flókalundi er þjónustumiðstöð með verslun og veitingastað. Einnig er þar nýleg sundlaug. Þá er vert að benda á áhugaverðan valkost sem er að nota Breiðafjarðarferjuna Baldur en hún siglir milli Brjánslækjar í Vatnsfirði og Stykkishólms með viðkomu í Flatey. Það eru því margir möguleikar til styttri og lengri ferða fyrir þá sem dvelja í orlofshúsum í Vatnsfirði.

Súðavík

Miðsvæðis á Vestfjörðum

Eining-Iðja hefur haft íbúð á leigu í gamla þorpinu í Súðavík til afnota fyrir félagsmenn sína og svo verður áfram.

Íbúðin sem Eining-Iðja hefur á leigu á Súðavík er á efri hæð í tvílyftu húsi við Túngötu 20. Húsið hefur nýlega verið gert upp og er íbúðin öll hin glæsilegasta. Mynd af húsinu er að finna á bls. 21 þar sem viðtal er við fólk sem dvaldi í húsinu í fyrra.

Segja má að Súðavík sé nokkuð miðsvæðis á norðanverðum Vestfjörðum þannig að dvöl þar er góður kostur fyrir þá sem vilja nýta fríið sitt í að ferðast og skoða sig um á Vestfjörðum og þar er vissulega um marga skemmtilega staði að velja. Stutt er frá Súðavík til Ísafjarðar og jarðgöngin gera það að verkum að mun auðveldara er en áður fyrr að ná yfir stærri hluta Vestfjarðakjálkans og ferðast um sunnanverða Vestfirði þótt dvalið sé í Súðavík.

A topographic map of Iceland, color-coded by elevation. The map shows the country's coastline, major roads (red lines), and numerous cities and towns. The elevation scale ranges from 0 to 2000 meters, with colors transitioning from green (low) to yellow (medium) to orange (high) to red (very high). Major cities labeled include Reykjavík, Akureyri, and Siglufjörður. The map also shows the location of the capital, Reykjavík, and other significant urban centers like Akureyri and Siglufjörður. The map is oriented with North at the top.

Ýmsar hagnýtar upplýsingar um orlofshúsnæði félagsins 2003																			
	Stæð	Svefnpl.	Barnarúm	Sængur	Lín	Handklæði	Klútar	Sturta	Ísskápur	Eldavél	Örb.ofn	Borðbún.	Grill	Útvarp	Sjónvarp	H. pottur	Skiptid.	Verð A	Verð B
Illugastaðir	45	8	umsjónm.	8	*	nei	já	já	já	já	já	8	já	já	já	***	föstud.	12000	10000
Einarstaðir	45	8	umsjónm.	8	*	*	já	já	já	já	já	10	já	já	já	nei	föstud.	12000	10000
Flókalundur, Vatnsfirði	40	5	nei	6	nei	nei	já	já	já	já	já	8	já	já	já	***	föstud.	12000	10000
Tjarnargerði	81	9	nei	9	nei	nei	já	já	já	já	nei	8-12	já	já	já	nei	föstud.	12000	10000
Svignaskarð	36	6	umsjónm.	6	nei	nei	já	já	já	já	nei	8	já	já	já	já	föstud.	13000	11000
Útgarður 6, Egilsst.	81	6	nei	6	já	nei	já	já	já	já	nei	8-12	já	já	já	nei	föstud.	13000	13000
Ljósheimar 12a, R.vík	96	6	já	6	já	nei	já	já	já	já	nei	8-12	nei	já	já	nei	miðv.d.	13000	13000
Ljósheimar 14a, R.vík	82	6	já	6	já	nei	já	já	já	já	nei	8-12	nei	já	já	nei	miðv.d.	13000	13000
Leigu- og skiptibústaðir																			
Einarstaðir	45	8	umsjónm.	8	*	*	já	já	já	já	já	10	já	já	já	nei	föstud.	12000	10000
Garðshorn	44	5 +	nei	6	já	já	já	já	já	já	já	8	já	já	já	nei	föstud.	12000	10000
Munaðarnes/Stóruskógur	52	6	umsjónm.	6	já	nei	já	já	já	já	nei	8	já	já	já	nei	föstud	12000	10000
Kilfabotn	50	6	já	8	nei	nei	nei	já	já	já	já	12	já	já	já	nei	föstud	12000	10000
Snorrastaðir	45	6	umsjónm.	6	*	nei	já	já	já	já	nei	6	já	já	nei	nei	föstud	12000	10000
Súðavík	90	6	nei	6	nei	nei	nei	já	já	já	nei	6-10	já	já	já	nei	föstud	12000	10000
Brekkuskógur	46	6	já	6	*	*	já	já	já	já	nei	6-10	já	já	já	já	föstud.	13000	11000
Mjúkaból v/Flúðir	50	4 +	já	6	nei	nei	já	já	já	já	nei	10-12	já	já	já	já	föstud	13000	11000
Úthlíð, Biskupstungum	45	6 +	já	6	nei	nei	nei	já	já	já	nei	6	já	já	já	já	föstud	13000	11000
* Fæst gegn gjaldi hjá umsjónarmanni.										Verð A gildir frá 13. júní til 29. ágúst									
** Hellur án ofns.										Verð B gildir frá 30. maí til 13. júní og frá 29. ágúst til 19. sept.									
*** Heitur pottur við sundlaug.										Verð íbúða í Reykjavík og Egilsstöðum er 13.000.- kr. vikan.									
+ Svefnloft																			

EINING-ÍÐJA

Umsókn um orlofsbústað sumarið 2003

EINING-ÍÐJA

Umsækjandi: Kennitala:

Heimili: Póstfang:

Vinnustaður: H.sími: Vinnusími:

Hér fyrir neðan er gefinn kostur á að sækja um eina viku með allt að sex valmöguleikum fyrir stað og tímabil. Merkið með tölunni 1 sem fyrsta valkost en 2, 3, o.s.frv. til vara.

Athugið að þið getið ekki sótt um þær vikur sem eru skyggðar.

		1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16
		30.mai til	6.jún til	13.jún til	20.jún til	27.jún til	4.júl til	11.júl til	18.júl til	25.júl til	1.ágú til	8.ágú til	15.ágú til	22.ágú til	29.ágú til	5.sep til	12.sep til
		6.jún til	13.jún til	20.jún til	27.jún til	4.júl til	11.júl til	18.júl til	25.júl til	1.ágú til	8.ágú til	15.ágú til	22.ágú til	29.ágú til	5.sep til	12.sep til	19.sep til
Landssvæði																	
Fjöldi húsa																	
1	A3																
1	S2																
2	S5																
3	A1																
1	A2																
4	N1																
0,50	N2																
1	V1																
1	V2																
2	V3																
1	V5																
1	V6																
1	S6																
1	S7																
		28.mai til	4.jún til	11.jún til	18.jún til	25.jún til	2.júl til	9.júl til	16.júl til	23.júl til	30.júl til	6.ágú til	13.ágú til	20.ágú til	27.ágú til	3.sep til	10.sep til
		4.jún til	11.jún til	18.jún til	25.jún til	2.júl til	9.júl til	16.júl til	23.júl til	30.júl til	6.ágú til	13.ágú til	20.ágú til	27.ágú til	3.sep til	10.sep til	17.sep til
Reykjavík																	
2 SV																	
Punktafrádráttur																	
		24	24	36	36	36	36	36	36	36	36	36	36	36	24	24	0

Víkuerð í húsum með potti er kr. 13.000 nema tímabilin 30. maí -13. júní og 29. ág. - 19. sept. er vikan leigð á 11.000
Víkuerð í húsum án potts er kr. 12.000 nema tímabilin 30. maí -13. júní og 29. ág. - 19. sept. er vikan leigð á 10.000
Víkuerð í íbúðunum í Reykjavík og Egilsstöðum er kr. 13.000

Síðasti skiladagur umsókna er 11. apríl 2003

EINING-ÍÐJA, SKIPAGÖTU 14, 600 AKUREYRI, SÍMI 460-3600, SÍMBRÉF 460-3601



Eining-íðja Skipagötu 14 600 Akureyri!

NETTÓ
Kemur á óvart!

A photograph of a baby's face above a pile of fresh vegetables including broccoli, carrots, and bell peppers.

Impra nýsköpunarmiðstöð - í þína þjónustu

Vantar þig aðstoð við að:

- stofna fyrirtæki?
- hrinda hugmynd í framkvæmd?
- gera viðskiptaáætlun?
- leita fjármögnunar?

Ef svo er vill Impra nýsköpunarmiðstöð á löntæknistofnun vekja athygli þína á handleiðslu fyrir frumkvöðla.

Þjónustan stendur öllum til boða án kostnaðar. Handleiðsla getur hentað einstaklingum og fyrirtækjum í öllum starfsgreinum.

Nánari upplýsingar um handleiðslu og önnur stuðningsverkefni eru veittar hjá Impru nýsköpunarmiðstöð í síma **462 1700** og **570 7100**, eða á heimasíðu Impru á www.impra.is



impra nýsköpunarmiðstöð
löntæknistofnun

Glerárgötu 34 4h.
600 Akureyri
Sími 462 1700

Netfang: sigurdurs@iti.is





Veldu trausta framtíð

Lífeyrissparnaður Sparisjóðsins er hagkvæm sparnadarleið til að tryggja tekjur eftirlaunaáranna. Þú getur valið á milli þriggja leiða Lífsvals eftir því sem þér hentar best.

Sýndu fyrirhyggju og mættu starfslokum brosandi.

Horfðu fram á við og njóttu stuðnings Sparisjóðsins til að ná settu markmiði.

Taktu ákvörðun núna - það er auðvelt að byrja.

Komdu í heimsókn í næsta Sparisjóð eða kíktu á www.spar.is.



**FERÐASKRIFSTOFA
AKUREYRAR**



Alhliða ferða- þjónusta

Skipuleggjum ferðir fyrir hópa
Innanlands sem utan

STILL



Ráðhústorgi 3 · 600 Akureyri
Sími 4 600 600 · Fax 4 600 610 · www.aktravel.is

Tækniháskóli Íslands Háskóli atvinnulífsins

FRUMGREINAEILD

Hefur þig dreymt um háskólanám en vantað nauðsynlegan undirbúning?

Frumgreinadeild er kjörin leið til undirbúnings frekara námi við háskóladeildir Tækniháskólans.

Námið tekur eina til fjórar annir eftir því hvernig undirbúningi nýnema er háttáð og á hvaða sérnám er stefnt.

Nemendum með stúdentspróf gefst kostur á að bæta við sig einingum í stærðfræði og raungreinum sé þess þörf.

Nám við frumgreinadeild er lánshæft hjá LÍN

Tækniháskóli Íslands er fagháskóli á sviði tækni-, rekstrar- og heilbrigðisgreina.

Höfðabakki 9 · IS-110 Reykjavík
Sími 577 1400 · Fax 577 1401
www.thi.is

**TÆKNIHÁSKÓLI
ÍSLANDS**
Technical University of Iceland



Allt um orlofsgreiðslur og orlofstöku

Tryggið rétt ykkar í orlofsmálum

Mikilvægt er að félagsmenn fylgist vel með því að réttur þeirra til orlofstöku, orlofsgreiðslna og orlofsuppbótar sé virtur af vinnuveitanda. Hér að neðan er stiklað á helstu atriðum varðandi orlofsmálin og réttindi launþega.

Orlofsuppbót

Samkvæmt kjarasamningum skal starfsfólk, sem hefur áunnið sér fullan orlofsrétt með starfi hjá sama vinnuveitanda næstliðið orlofsár (1. maí til 30. apríl) og er í starfi í síðustu viku apríl eða í fyrstu viku maí, fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót. Hana skal greiða þegar fólk hefur orlofstöku, það er fer í sumarleyfi, eða eigi síðar en 15. ágúst.

Láti starfsmaður af störfum vegna aldurs eða eftir tólf vikna samfelld starf á orlofsárinu, skal hann við starfslok fá greidda orlofsuppbót vegna áunnins tíma miðað við starfshlutfall og starfstíma. Hið sama gildir þótt starfsmaður sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu vinnuveitanda lýkur eða vegna fæðingarorlofs.

Mismunandi eftir samningum

Rétt er að vekja athygli á að upphæð orlofsuppbótar er mismunandi eftir kjarasamningum. Í almennum samningum milli Starfsgreinasambandsins og Samtaka atvinnulífsins er kveðið á um að orlofsuppbót sumarið 2003 skuli vera 20.400 krónur. Hið sama gildir í samningum fyrir félagsmenn Einingar-Iðju sem starfa hjá ríkisstofnunum.

Í samningum við sveitarfélögin gildir hins vegar önnur upphæð en starfsmenn sveitarfélaga sem eru í Einingu-Iðju skulu fá 10.000 krónur í orlofsuppbót. Þessar upphæðir miðast að sjálfsögðu við fullt starf en breytast í samræmi við starfshlutfall eða starfstíma.

Reglur um orlof - samningar við Samtök atvinnulífsins

Eftirfarandi reglur gilda um útreikning orlofs fyrir félagsmenn sem taka laun samkvæmt samningum Starfsgreinasambandsins fyrir hönd aðildarfélaga þess við Samtök atvinnulífsins, það er á almennum markaði:

1. Lágmarksorlof skal vera 24 virkir dagar. Orlofslaun skulu vera 10,17% af öllum launum, hvort heldur er fyrir dagvinnu eða yfirvinnu.
2. Verkað fólk sem unnið hefur í fimm ár hjá sama fyrirtæki skal eiga rétt á orlofi í 25 virka daga og orlofslaunum sem nema 10,64%. Með sama hætti öðlast verkafólk, sem unnið hefur í tíu ár hjá sama vinnuveitanda, 28 daga orlofsrétt (virkir dagar) og 12,07% orlofslaun. Starfsmaður sem öðlast hefur rétt til 28 daga orlofsréttar eftir tíu ára starf hjá einum vinnuveitanda öðlast aftur sama rétt eftir vinnu í þrjú ár hjá nýjum vinnuveitanda, enda hafi rétturinn verið sannreýndur. Orlofsréttur reiknast frá upphafi næsta orlofsárs eftir að ofangreindum starfstíma er náð.
3. Sumarorlof er fjórar vikur, eða 20 virkir dagar, sem veita ber á tímabilinu frá 2. maí til 30. september. Orlof umfram það má veita utan þessa tímabils og ákvarðast með minnst eins mánaðar fyrirvara. Þeir sem að ósk atvinnurekanda fá ekki tuttugu or-

lofsdaga á sumarorlofstímabili eiga rétt á 25% álagi á það sem á vantar.

4. Stéttarfélagunum er heimilt að semja um þá framkvæmd við einstaka launagreiðendur að orlofslaun séu jafnharðan greidd á sérstaka orlofsreikninga launþega í banka eða sparisjóði. Skal í slíkum samningi tryggt að sá sem tekur að sér vörslu orlofslauna greiði launþega þau við upphaf orlofstöku.
5. Veikist launþegi hér innanlands í orlofi það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins, skal hann tilkynna vinnuveitanda það á fyrsta degi, til dæmis með símskeyti, og hjá hvaða lækni hann hyggst fá vottorð um veikindin. Fullnægi hann tilkynningar-skyldunni og standi veikindi ekki lengur samfelld en þrjá sólarhringa, á launþegi rétt á uppbótarorlofi í jafn langan tíma og veikindin sannanlega vörðu. Vinnuveitandi á rétt á að láta lækni vitja launþega sem veikst hefur í orlofi. Uppbótarorlof skal eftir því sem kostur er veitt á tímabilinu 1. maí til 15. september nema sérstaklega standi á.

Reglur um orlof - samningur við sveitarfélögin

Eftirfarandi reglur gilda um útreikning orlofs fyrir félagsmenn sem taka laun samkvæmt samningum Einingar-Iðju eða Starfsgreinasambandsins fyrir hönd aðildarfélaga þess við sveitarfélög eða Launaneftnd sveitarfélaga:

1. Lágmarksorlof skal vera 24 virkir dagar eða 192 vinnuskyldustundir miðað við fullt ársstarf. Orlofslaun skulu vera 10,17% af öllum launum, hvort heldur er fyrir dagvinnu eða yfirvinnu.
2. Starfsmaður, sem náð hefur þrjátíu ára aldri á því almanaksári sem tímabil sumarorlofs tilheyrir, fær að auki sem svarar til 24 vinnuskyldustunda eða þriggja daga í dagvinnu. Við fjörutíu ára aldur fær starfsmaðurinn enn að auki orlof sem svarar til 24 vinnuskyldustunda eða þriggja daga í dagvinnu.
3. Starfsmaður skal fá 10,17% orlofsfé á yfirvinnu og álagsgreiðslur. Við þrjátíu ára aldur skal hann fá 11,59% og við fjörutíu ára aldur 13,04% orlofsfé. Taki starfsmaður laun eftir tímakaupi í dagvinnu greiðist orlofsfé einnig á dagkaupið. Starfsmaður á föstum mánaðarlaunum fær greidd dagvinnulaun í orlofi miðað við meðaltal starfshlutfalls á orlofsárinu. Á vaktálag starfsmanna í fastri, reglubundinni vaktavinnu reiknast ekki orlofsfé. Þess í stað skulu starfsmenn halda vaktálagsgreiðslum í sumarorlofi. Greiðslu vaktálags skal miða við meðaltal síðustu tólf mánaða fyrir upphaf nýs orlofsárs. Vaktálag er ekki greitt í helgidagafríi þótt það sé tekið í beinu framhaldi af sumarorlofi. Heimilt er stofnunum og stéttarfélagum að semja um aðra tilhögu þessara greiðslna og greiðist þá ekki orlofsfé á vaktálag.
4. Við niðurröðun orlofs skal að því stefnt að það byrji og endi á reglulegu fríi, nema samkomulag sé um annað. Fyrirsvarsmaður stofnunar ákveður í samráði við starfsmann hvenær orlof skuli tekið. Hann skal verða við óskum starfsmanns um hvenær orlof skuli tekið að svo miklu leyti sem unnt er vegna starfseminnar. Að lokinni könnun á vilja starfsmanna, skal hann tilkynna svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi 30. apríl hvenær orlof skuli hefjast, nema að sérstakar ástæður komi í veg fyrir það.
5. Þeir starfsmenn, sem samkvæmt ósk vinnuveitanda fá ekki fullt orlof á tímabili sumarorlofs, 15. maí til 30. september, skulu fá 33% lengingu á þeim hluta orlofstímans sem veittur er utan ofangreinds tíma.
6. Veikist starfsmaður í orlofi, telst sá tími sem veikindunum nemur ekki til orlofs, enda sanni starfsmaðurinn með vottorði læknis að hann geti ekki notið orlofsins.

Oft þarf bara
einn hlut til að gera
lífið auðveldara

Lífeyrissparnaður

Þjónusta Landsbankans gerir líf þitt
auðveldara. Til að tryggja þér góða
afkomu á efri árum skaltu leggja fyrir
í lífeyrissparnað hjá fyrirtæki sem þú
getur treyst.

Því ef þú setur það sem þú safnar
í lífinu á öruggan stað getur þú hætt
að vinna án þess að hætta að njóta
lífsins.

Og þannig verður lífið auðveldara.



Starfsmaður! Gleymdist að kjósa Öryggistrúnaðarmann á þínum vinnustað?

- Þar sem vinna 10 manns eða fleiri skulu starfa
öryggistrúnaðarmaður og *öryggisvörður*.
- Þar sem vinna 50 manns eða fleiri skal starfa
öryggisnefnd.
- Þar sem starfa færri en 10 manns annast
atvinnurekandi eða *verkstjóri* vinnuverndarmál
í samstarfi við starfsmenn og *félagslegan trúnaðarmann*.



VINNUEFTIRLITIÐ
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík
Sími 550 4600 - Fax 550 4610
vinnueftirlit@ver.is - www.ver.is

Öryggistrúnaðarmaður! Öryggisvörður! Trúnaðarmaður stéttarfélags! Verkstjóri! Stjórnandi!

Til að auðvelda ykkur ábyrgðarmikil
vinnuverndarstörf
heldur Vinnueftirlitið

NÁMSKEIÐ

um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi
á vinnustað.
Leitið upplýsinga um næsta námskeið.

Könnun meðal félagsmanna

Mikil ánægja með orlofshúsin

Í könnuninni, sem gerð var fyrir Einingu-Iðju á viðhorfi félagsmanna til félagsins, samskiptum þeirra við félagið og fleira fyrir um ári, var meðal annars spurt um orlofsmál. Spurt var um þátttöku félagsmanna í orlofsferðum félagsins og afnot þeirra af orlofshúsum félagsins.

Af þeim 300 félagsmönnum sem svöruðu kváðust átta af hverjum tíu aldrei hafa farið í orlofsferð á vegum félagsins, eða 240 manns. Eins og kunnugt er stendur félagið meðal annars fyrir dagsferð fyrir eldri félagsmenn á hverju sumri og því þarf ekki að koma á óvart að fram kemur í könnuninni að nokkuð margir kváðust hafa farið oftár en einu sinni eða oftár en tvisvar. Af þeim sem svöruðu sögðust 25 manns, eða 8,3%, hafa farið þrisvar sinnum eða oftár í orlofsferð á vegum Einingar-Iðju og álíka margir sögðust hafa farið tvisvar sinnum.

Vilja sama fyrirkomulag

Þá var einnig spurt hvort félagsmenn væru ánægðir með það að fé-

lagið skuli bjóða upp á orlofsferðir, hvort félagsmenn séu ánægðir með það úrval ferða sem boðið er upp á og hvort félagið eigi yfirleitt að standa fyrir orlofsferðum eins og það hefur gert. Mikill meirihluti þeirra sem svöruðu lýstu ánægju sinni með



Þessi hópur félagsmanna skoðaði orlofshús Einingar-Iðju á Illugastöðum í ferð að Illugastöðum síðastliðið haust. Á undanförunum árum hafa bústaðirnir á Illugastöðum verið endurnýjaðir - en könnun á viðhorfi félagsmanna til orlofshúsa félagsins sýnir mikla ánægju með þau orlofshús sem félagið hefur til afnota fyrir félagsmenn víða um land.

það fyrirkomulag sem hefur verið á orlofsferðunum og ríflega helmingur, eða 57%, kvaðst ánægður með það úrval ferða sem boðið hefur verið upp á.

Húsin vinsæl

Þegar spurt var um afnot félagsmanna af þeim orlofshúsum og -íbúðum sem félagið hefur til afnota fyrir félagsmenn kom einnig fram ánægja með það sem í boði er. Þó kom í ljós að af 299 svarendum höfðu 126 eða 42% aldrei notað orlofshús eða íbúð á vegum félagsins, 40 manns, eða 13%, höfðu notað orlofshús félagsins einu sinni, 59 manns, eða 20% þeirra sem svöruðu, höfðu notað orlofshús félagsins tvisvar sinnum og um fjórðungur, eða 74 af þeim 299 sem svöruðu, hafði nýtt sér orlofshús þau eða íbúðir sem Eining-Iðja hefur til afnota, þrisvar sinnum eða oftár.

Þegar spurt var um viðhorf notenda húsanna til aðbúnaðar kom fram mikil ánægja meðal svarenda í könnuninni. Af þeim 169 sem svöruðu kváðust 80 mjög ánægðir og 77 frekar ánægðir þannig að um 93% þeirra sem svöruðu eru ánægð með orlofshúsin. Aðeins sex manns sögðust óánægðir og tveir voru mjög óánægðir, eða samtals 7% þeirra sem svöruðu.

Úthlutun orlofshúsa

Punktakerfi tryggir sanngirni

Það er mjög eftirsótt meðal félagsmanna Einingar-Iðju sem og annarra landsmanna að fá að dvelja í orlofshúsum í einhvern tíma í sumarleyfum eða á öðrum tíma. Því þarf að vanda til úthlutunar til þess að allrar sanngirni sé gætt.

Eftirsóknin hefur jafnvel aukist undanfarin ár og þrátt fyrir að félagið hafi aukið framboð og fjölgað valkostum fyrir þá félagsmenn sem sækjast eftir að leigja sér orlofshús á vegum félagsins hefur því miður ekki tekist að anna eftirspurninni. Þannig sitja alltaf einhverjir eftir með sárt ennið og fá annað hvort ekki orlofs-

hús á leigu eða fá ekki hús á þeim stað eða þeim tíma sem hentar best. Stundum hefur borið á óánægju meðal þeirra félagsmanna sem ekki hafa fengið nákvæmlega það orlofshús sem þeir vildu leigja á þeim tíma sem óskað var. Félagið vill hins vegar vekja athygli á því að við úthlutun er í einu og öllu farið að fyrirfram ákveðnum reglum.

Til þess að gæta sem mestrar sanngirni við úthlutun orlofshúsa og -íbúða hefur félagið notað og þróað punktakerfi sem þykir hafa reynst vel. Hver félagsmaður vinnur sér inn einn punkt fyrir hvern mánuð sem hann greiðir til félagsins. Engu máli

skiptir hve há upphæð félagsgjaldsins er í hverjum mánuði. Þeir sem síðan hafa safnað flestum punktum þegar kemur að úthlutun ganga fyrir þegar mikil ásókn er í húsin. Þegar félagsmaður fær úthlutað tíma í orlofshúsi dregst tiltekinn punktafjöldi frá inneign viðkomandi þannig að tryggt er að þeir sem fá úthlutað dvöl í orlofshúsi eru ekki áfram efstir á blaði en halda þó auðvitað áfram að safna sér punktum fram að úthlutun næsta árs með því að greiða félagsgjöld. Færri punktar dragast frá fyrir dvöl í orlofshúsi í upphafi og í lok sumars, þ.e. fyrir miðjan júní og eftir lok ágústmanaðar, en yfir hásumarið.

Eining-lðja þakkar eftirtöldum aðilum fyrir veittan stuðning



Sparisjóður Höfðhverfinga
Ægissíðu 7 601 Grenivík
Sími: 463-3160 Fax: 463-3217



Akureyri



Sparisjóður Svarfdæla - Dalvík
Ráðhúsi • Sími: 466 1600 • Fax: 466 1249

Dalvíkurbyggð

Ráðhúsinu, 620 Dalvík.
www.dalvik.is



SAMHERJI HF
www.samherji.is

PENNIN BÓKVAL

Hafnarstræti 91 - 93 • Sími 461 5050 • Fax 461 5051
www.penninn.is



KAUFANGI V. NETFANGI 602 AKUREYRI
SÍMARGÖTUN 8 2408 PÓSTHÓLF 496



HERRADEILD



BÚNAÐARBANKINN
-Traustur banki

Tindafell hf

Frotagötu 1a, 603 Akureyri
Sími: 462 6619



SPARISJÓÐUR ÓLAFSFIJARDAR

Aðalgötu 14 • 625 Ólafsfjörður • Sími: 460-2700 • Fax: 460-2701



www.byko.is



www.kjarnafaedi.is



www.flytjandi.is



AKUREYRARBÆR
Geislagata 9 - 600 Akureyri
Sími 460 1000 - Fax 460 1001
www.akureyri.is



SJÁLFSBJÖRG
Akureyri



www.afe.is

Atvinnuþróunarfélag
Eyjafjarðar



GRÝTUBAKKAHREPPUR



Hafnarstræti 92
Sími 462 1818
www.bautinn.is



NORDURORKA
VATN · RAFORKA · VARMI
undirstaða lífs, heilsu og velmegunar

SÍM

www.no.is

RANGÁRVÖLLUM · PÓSTHÓLF 90 · 602 AKUREYRI
SÍM: 460 1300 · FAX: 460 1301 · NETFANG: nordurorka@akureyri.is

Vikudvöl vinningshafa í orlofshúsi - og meira til...

Millilentu í Súðavík

- en geta ekki hætt að elska Hornbjarg

Svandís Geirsdóttir varð hlutskörpust í jólagetrauninni í félagsblaðinu í desember 2001 og fékk að launum vikudvöl að eigin vali í orlofshúsi á vegum félagsins sumarið 2002. Svandís valdi húsið í Súðavík af sérstakri ástæðu og átti þar ánægjulega daga.

„Þetta var mjög fínt, gott að vera þarna og skínandi falleg íbúð,“ segir Svandís þegar hún er innt eftir minningum um dvölinna í Súðavík, en þangað fór hún ásamt eiginmanni sínum, Ólafi Þ. Jónssyni, skömmu eftir miðjan júní í fyrra. „Það eina sem háði okkur var að þarna var enginn sími. Við vorum bíllaus þannig að það hefði verið gott að hafa síma,“ bætir hún við. Svandís kveðst hafa hitt eigendur hússins og hafa verið með þeim í einn dag og segir að gaman hafi verið að kynnast þeim.

Dvölin vestra var í alla staði hin ánægjulegasta. „Veðrið var svo gott þessa daga og náttúran þarna fyrir vestan er líka svo tignarleg þannig að þetta voru mjög góðir dagar hjá okkur í Súðavík. Við fengum lánaðan bíl í einn dag en annars vorum við á leiðinni út að Hornbjargsvita þannig að við vorum ekki í húsinu alla vikuna,“ segir Svandís. Það var því sérstök ástæða fyrir því að hún valdi að dvelja í orlofshúsi í Súðavík - en þó ekkert svo sérstök fyrir þá sem þekkja þau Svandísi og Ólaf. Þau hafa komið að Hornbjargi áður - og stutt spjall blaðamanns við Svandísi um vikudvöl í orlofshúsi breytist auðveldlega í eitthvað annað og meira.

Starfið eins og orlof

Þau Svandís og Óli dvöldu á Hornbjargsvita allt sumarið í fyrra - hún sem veðurathugunarmaður fyrir Veðurstofu Íslands og hann sem landvörður, fjórða sumarið í röð. Áður bjuggu þau og störfuðu á Hornbjargi allt árið sem vitaverðir og veðurat-



Svandís og Ólafur í stofunni heima - bæði með hugann vestur við Hornbjarg.

hugunarmenn og geta nú ómögulega hugsað sér að fara ekki vestur yfir sumartímann.

„Við völdum að dvelja í húsinu í Súðavík með þessa ferð í huga. Það hentaði okkur mjög vel að koma þar við áður en við fórum út á Hornbjarg,“ segir Svandís þegar blaðamaður hefur komið sér fyrir heima í stofu hjá þeim Ólafi. Dvöl á Hornbjargi vekur forvitni og jafnvel þá spurningu hvort hún sé ekki í raun eins og orlof að einhverju leyti þrátt fyrir vinnuna. Svandís verður til svara. „Jú, mikil lifandis ósköp, þetta er eins og að komast í orlof að fara þangað á hverju sumri.“ Þau vonast til að geta haldið áfram að dvelja á Hornbjargsvita á sumrin. Tölvutæknin hefur að vísu leyst þau af hólmi að nokkru leyti frá því sem áður var - það er í veðurathugunum. „Þessi veðururtaka á sumrin sem ég hef haft umsjón með er aðallega til samanburðar og viðbótar við það sem tölvutæknin gerir,“ segir Svandís.

Fór vestur án umhugsunar

Ólafur var í átta ár vitavörður og

veðurathugunarmaður á Hornbjargi og Svandís aðstoðarmaður í tvö ár. „Við komum hingað til Akureyrar 1995 um vorið,“ segir Svandís þegar hún er innt eftir dvöl þeirra fyrir vestan og hvenær hún tók enda. En hvernig stóð á því að hún fór vestur að Hornbjargsvita í upphafi til þess að gerast þar aðstoðarmaður við vitavörslu og veðurathuganir á stað sem ef til vill er sá afskekktasti á landinu?

„Reyndar þekkti ég Ólaf nú aðeins áður. Hann hafði verið kennari á Borgarfirði eystra áður, en ég er þaðan. Árið 1993 flutti ég frá Borgarfirði og fór eiginlega beint vestur án þess að hugsa mig um. Ég hitti Ólaf í Reykjavík og hann sagði mér að það vantaði aðstoðarmann. Ég lét bara vaða. Ég vissi ekkert hvað ég var að fara út í - bara fór - pakkaði niður og fór og var þar í tvö ár,“ segir Svandís og það er svo langt frá því að hún sjái eftir þessari skyndiákvörðun.

Starfið fyrst - rómantíkin svo

Það var þannig starfið sem dró Svandísi vestur í upphafi - starfið kom á undan rómantíkinni þeirra á

milli. En ekki þurfti lengi að bíða. „Aðallega kom nú rómantíkin eftir að maður var komin í Hornbjargsvita. Þar er sko virkilega huggulegt...“ segir hún og greinilegt að hugurinn hvarflar vestur. Enda viðurkenna þau að í veðráttu eins og við höfum búið við í vetur hafi hugurinn stundum leitað vestur í Hornbjarg. En hvað þarf þá til þess að ráða við dvöl þar vestra allt árið í allri þeirri einangrun sem venjulega fylgir íslensku vetrarveðri - og má reyndar segja að eigi við um Hornbjarg allt árið að einhverju leyti, þótt þar komi landafræðin fremur til skjalanna en veðrið. Hvað þarf til?

„Ég er gríðarlega mikið náttúrubarn, alveg í gegn. Annars hugsaði ég aldrei neitt út í þetta og það kom eiginlega aldrei til þess að það þyrfti. Ef eitthvað kom uppá, eitthvað fauk í mann, þá skellti maður hurðum og fór út og svo var það bara búið. Maður fór kannski upp í vík og horfði á vitaljósið - og svo var þetta búið. En þetta er náttúrlega gríðarleg einangrun sem við vorum í. Ég

kveið aðeins fyrstu jölunum mínum í Hornbjargsvita. En það var ekkert mál þegar til kom. Þetta var eins og ég væri að endurlifa jólin frá því að ég var krakki. Ég hlakkaði svo til jólaanna og hvernig þetta yrði í svona einangrun.“ Svandís segist hafa þurft að undirbúa jólin með góðum fyrirvara því venjan var að þau fengju vistir á sex vikna fresti - en síðan gat það auðvitað brugðist vegna veðurs. Jólin voru eftirminnileg í vitanum. „Ég held að ég hafi aldrei fengið eins marga jólapakka eftir að ég varð fullorðin eins og þessi jól þarna í Hornbjargsvita. Þetta var eins og verið væri að gefa krökkunum, maður var ofhlaðinn af þessu,“ segir hún.

Geta ekki hætt

Svandís og Ólafur fara enn að Hornbjargsvita á sumrin og vonast til að geta haldið því áfram. Segja má að þau líti á þessar ferðir frekar sem orlof og afslöppun en sem eiginlega vinnu. Svandís starfar sem veðurathugunarmaður - til samanburðar við tölvutæknina og til að bæta við það sem tölvan ekki sér, tekur til dæmis sjólag og fleira sem sjálfvirki búnaðurinn mælir ekki. Óli hefur undanfarin fjögur sumur gegnt starfi landvarðar fyrir Náttúruvernd ríkisins. Þannig hafa þau getað haldið sam-

lífið, að ég tali nú ekki um refina mína sem skoppa nú bara í kringum mig eins og hundar og koma meira að segja inn og fá sér bita,“ segir Svandís. Þau Ólafur hafa, auk landvörslu og veðurathugana, dyttað að húsinu og lagfært ýmislegt smálegt sem þarfnast viðhalds eftir næðinginn úr nyrstu höfum.

Á mörkum þess að vera of mikið

Hornstrandir verða æ vinsælli áfangastaður ferðamanna og þar með erum við komin inn á starfssvið landvarðarins. „Það er þarna gríðarlegur

túrismi,“ segir Ólafur þegar vikið er að landvörslunni - og þá liggur beint við að forvitnast um svæðið, ástand þess - og um leið starf Ólafs við landvörslu á sumrin.

„Maður byrjar á því þegar komið er vestur að fara yfir leiðirnar sem eru stíkarar, reka niður stikur sem hafa fallið og bæta inn í þar sem stikur hafa brotnað,“ svarar Ólafur. Síðan vikur hann að ástandi svæðisins. „Yfirleitt er farið með túristana í Hornvík en ástand-

ið þar er orðið dálítið slæmt. Gróðurinn á tjaldstæðinu er svo viðkvæmur, þarna er sendinn jarðvegur sem þolir varla þetta álag. En með því að vera



Orlofshús félagsins í Súðavík: „Þetta var mjög fint, gott að vera þarna og skínandi falleg íbúð,“ segir Svandís Geirsdóttir dvalargestur.

bandi við staðinn sem er þeim svo nákominn eftir dvöl þar í einangrun, í öllum veðrum um vetur og sumar, í birtu og dimmviðri. Vinnan gerir það að verkum að þau komast í „orlofið“ sitt vestur á Hornbjarg til þess að hitta vitann, refina og allt hitt sem er orðið hluti af sálarlífi þeirra eftir dvölinu vestra.

„Ég lít á þetta miklu fremur sem orlof og afslöppun en sem vinnu, að komast þarna í kyrrðina og fugla-



SJÓVÁ ALMENNAR

Þeir tryggja vel sem tryggja hjá okkur

Strandgötu 3
600 Akureyri
Sími 460 6464
sjova.is

þarna á staðnum höfum við haft það mikið aðdráttarafl að fólk hefur komið og tjaldað í Látravík þar sem vitinn er. Það dreifir álaginu og svo þykir fólki ágætt að geta komið til okkar og stundum gistir það í vöndum veðrum, þurrkar af sér fötin og svona," segir Ólafur. Þau fengu til dæmis þrisvar í fyrrasumar vini og kunningja í heimsókn sem komu með hóp fólks með sér og heimsóttu þau. En aftur að ástandi svæðisins. Ólafur segist ekki geta kvartað yfir umgengninni. „Það verður að segjast að almennt er gengið vel um. Það er einhvern veginn búið að prenta það inn í fólk.“

Auðvitað fer drjúgur tími hjá þeim í vinnuna, veðurathuganir og skráningar hjá Svandísi, landvörsluna hjá Ólafi - og svo viðhald hússins. En inn á milli eru þau sjálf eins og ferðamenn, njóta náttúrunnar og fara í gönguferðir. Gönguferðirnar og náttúruskoðunin er auðvitað hluti af starfi landvarðarins. „Það er æði stórt svæði sem maður þarf að líta eftir,“

segir Ólafur og Svandís kveðst einnig fara mikið í gönguferðir. Á meðan þau bjuggu þarna allt árið voru þau líka mikið á ferðinni, út á bjarg og vítt og breitt um svæðið. Að vísu var þó starf veðurathugunarmannsins ansi bindandi þegar Óli var þar einn því veðrið þurfti að taka á þriggja stunda fresti - allan sólarhringinn. Álagið dreifðist síðan þegar Svandís kom vestur.

Kemur fljótt í ljós hvort þetta er hægt

Aftur víkjum við í samtali okkar að því hvað þarf til þess geta dvalið í Hornbjargsvita allt árið - og þó ekki sé nema í nokkra mánuði. Ólafur hefur langa reynslu af verunni vestra.

„Það má segja að maður finni afar fljótt hvort maður er fær um þetta. Maður hefur stundum orðið vitni að því að þangað hefur komið fólk sem hefur hugsað sér að dvelja þar í einhvern tíma. Fyrst á það ekki orð yfir hvað þetta er allt saman glæsilegt - sínfónía hafsins og hvað þetta heitir

allt saman. En eftir stuttan tíma fer að vanta sírenur og hávaða borgarinnar. Ég held að þetta sé ekki starf fyrir ungt fólk. Það þarf þá að vera alveg sérstakt,“ segir Ólafur og Svandís bætir við áminningu um að þegar farið er vestur til að vera í langan tíma þurfi að skipuleggja vel og taka allt með sér sem maður þarf á að halda því „...ekki er hægt að hlaupa út í búð þótt eitthvað vanti.“

Svandís og Ólafur eru sammála um gæði þess að geta dvalið á Hornbjargsvita um lengri eða skemmri tíma og að með slíkri dvöl kynnist maðurinn sjálfum sér betur en af mörgu öðru. „Það reynir ansi mikið á mann því þarna eru bara þessar tvær manneskjur. Það þarf traust samband til að geta gert þetta. Fólkinn vinnur saman og er saman allan sólarhringinn,“ segir Ólafur. Dvölin reynir á, einkum þegar veður er slæmt og einhver óhugur getur þá sótt á í einangruninni og myrkrinu.

En samt er eitthvað sem dregur...

Vinningshafar í jólagetraun

Í félagsblaðinu í desember var að venju efnt til getraunar þar sem í boði voru vegleg verðlaun. Spurt var hvert ætlunin væri að fara í utanlandsferð félagsins á komandi sumri. Rétt svar var að ætlunin var að fara til Hollands, Belgíu, Lúxemborgar, Frakklands og Þýskalands. Reyndar verður ekkert af ferðinni vegna ónógrar þátttöku en það hefur engin áhrif á getraunina. Þrenn verðlaun voru í boði og voru eftirtaldir dregnir út:

1. Vikudvöl í orlofshúsi á vegum félagsins að eigin vali sumarið 2003 - *Guðmundur Freyr Sveinsson*, Reykjavík.
2. Vöruúttekt í Nettó að fjárhæð 10.000 krónur - *Ásta Jóhanna Þorláksdóttir*, Akureyri.
3. Vöruúttekt í Nettó að fjárhæð 5.000 krónur - *Þorgerður Sveinbjarnardóttir*, Dalvík.

Orlofsferðir sumarsins

Að venju hefur félagið skipulagt og auglýst þrjár orlofsferðir í sumar - nokkurra daga orlofsferð innanlands, dagsferð eldri félagsmanna og utanlandsferð. Því miður reyndist ekki næg þátttaka í utanlandsferðinni og hefur hún nú verið blásin af.

Ferðir sumarsins voru kynntar í desemberblaðinu 2002 og því verður ekki farið nákvæmlega ofan í ferðatilhögun hér, heldur stiklað á stóru.

Óbyggðir Vestfjarða

Farið verður til Ísafjarðar, Hornvíkur, Hesteyrar og Grunnavíkur dagana 12.-15. ágúst. Verð er 19.000 krónur og er innifalið í því allur akstur, siglingar, gisting og leiðsögn, auk þess sem eitt kvöldið verður grillað í boði félagsins. Uppselt er í ferðina en félagsmenn sem vilja komast í ferðina eru hvattir til að láta skrá sig á biðlista

því oft verða einhver forföll þegar nær líður.

Dagsferð að Hveravöllum

Þann 16. ágúst verður farið í dagsferð með eldri félagsmenn Einingar-Íðju að Hveravöllum á Kili með viðkomu í Blönduvirkjun. Ferðin kostar 2.500 krónur.

Utanlandsferðin fellur niður

Því miður verður að segjast eins og er að nú í sumar verður annað skiptið í röð sem ekki fæst næg þátttaka í utanlandsferð félagsins. Þrátt fyrir að tekist hafi að skipuleggja ferð á mjög góðu verði miðað við það sem innifalið var í ferðinu reyndust ekki nægjanlega margir hafa áhuga þannig að ekkert verður af þessari ferð í sumar.

Ferðafrömuðir félagsins ætla þó ekki að leggja upp laupana og vonandi verður boðið upp á utanlandsferð fyrir sumarið 2004.

Skoðaðu landið...



... og líttu inn hjá Landsvirkjun

Hvað er með Ásum? Kynnist gaðheimum á sýningu í Laxárstöð í Aðaldal. Verk Hallsteins Sigurðssonar myndhöggtara í berghvelfingum stöðvarinnar og fróðleikur um goðin og heimsmynd þeirra.

Orðabelgur í Ljósafossstöð. Kynnið ykkur þjóðfélagsumræðuna um orku- og umhverfismál. Forvitnist og leggið orð í belg!

Kynnist Kárahnjúkum. Upplýsingamiðstöð í Fljótsdal.

Stöðvarnar okkar í Búrfelli, Hrauneyjum, Blöndu og Kráfla eru opnar alla eftirmiðdaga í sumar.

Verið velkomin!



Landsvirkjun

Gerðu milljóna starfslokasamning við sjálfa(n) þig

Viðbótarlífeyrissparnaður Íslandsbanka

Viðbótarlífeyrissparnaðinum má líkja við risastóran starfslokasamning sem þú gerir við sjálfa(n) þig. Þín getur beðið vegleg upphæð við starfslok. Ekki hika, því fyrir sem þú byrjar að spara því hærri verður „samningurinn“.

Byrjaðu
strax!
Það munar
milljónum.

Fáðu borgað fyrir að spara!

Vegna mótfamlags launagreiðanda og ríkis er viðbótarlífeyrissparnaður besti sparnaður sem völ er á. Fyrir hverjar 10.000 kr. sem þú leggur fyrir í viðbótar-lífeyrissparnað leggjast 6.000 kr. til viðbótar inn á reikninginn þinn. Það jafngildir 60% ávöxtun strax!

Tími	Uppsafnaður viðbótarlífeyris- sparnaður*
5 ár	819.821 kr.
10 ár	1.916.927 kr.
20 ár	5.349.850 kr.
30 ár	11.497.694 kr.
40 ár	22.507.545 kr.

* Miðað er við 4% framlag af 300.000 kr. mánaðarlaunum hjá hjónum auk 2,4% framlags vinnuveitanda og ríkis og 6% ávöxtun að meðaltali á ári.

Kláraðu málið á isb.is eða komdu við í næsta útibúi Íslandsbanka.


ÍSLANDSBANKI